

staðlar um gerð ársreikninga og samstæðureikninga og um aðferðir til að meta liði á efnahagsreikningum og útreikning á hagnaði og tapi, lagalegir og faglegir staðlar um lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna og um þá sem framkvæma slíka endurskoðun.

Jafnframt skulu eftirfarandi greinar hafðar til hliðsjónar, að því leyti sem þær snerta endurskoðunina:

félagaréttur,
lög um gjaldþrot og sambærilegar reglur,
skattalög,
einkamála- og verslunarréttur,
almannatryggingalög og vinnulöggjöf,
upplýsinga- og tölvukerfi,
rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði og fjármálahagfræði,
stærðfræði og tölfræði,
helstu hugtök um fjármálastjórnun fyrirtækja.

Prófverkefni skulu samin af einstökum prófnefndarmönnum eða þeim, sem prófnefndin felur það starf. Verkefnin og vægi úrlausnarefna innan þeirra, skulu lögð fyrir prófnefnd til samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 11. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Telma Halldórsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 9.690 á íbúð, miðað við 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 13.490 miðað við 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.960 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 4.905 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.455.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 7.400 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.860 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 515 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 9.200 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 12.236 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 15.272 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 615 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 932/2000 fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

Þannig samþykkt við síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar Akraness 11. desember 2001. Fyrri umræða fór fram 20. nóvember 2001.

Akranesi, 12. desember 2001.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.